

## Tillaga til þingsályktunar

### um fullgildingu heildarsamnings um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvador.

Frá utanríkisráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd heildarsamning um efnahagslegu samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvador sem undirritaður var 25. júní 2018 á Sauðárkróki.

#### Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til fullgildingar á fríverslunarsamningi milli EFTA-ríkjanna og Ekvador sem undirritaður var á Sauðárkróki 25. júní 2018. Meginmál samningsins er prentað sem fylgiskjal með tillögu þessari. Viðaukar við samninginn verða sendir utanríkismálanefnd og birtir á vef Alþingis.

EFTA-ríkin og Ekvador hófu viðræður um gerð fríverslunarsamnings í nóvember árið 2016 og lauk þeim í febrúar 2018. Samningurinn kveður á um gagnkvæma niðurfellingu og lækkun tolla á iðnaðarvörur, sjávarafurðir og unnar landbúnaðarvörur. Þannig munu tollar á hvers kyns sjávarafurðir og iðnaðarvörur, sem fluttar eru út frá Íslandi til Ekvador, falla niður frá gildistöku samningsins eða á aðlögunartíma og sama á við um helstu landbúnaðarvörur sem framleiddar eru hér á landi til útflutnings.

Útflutningur frá Íslandi til Ekvador hefur verið lítill í gegnum tíðina og nam tæpum 30 milljónum kr. á síðasta ári. Er þar nær einungis um að ræða útflutning á iðnaðarvörum. Innflutningur frá Ekvador hefur einnig verið lítill en hefur þó aukist undanfarin ár og nam um 600 milljónum kr. árið 2017. Er þar að mestu um að ræða innflutning á ávöxtum og öðrum matvælum. Með gagnkvæmri niðurfellingu og lækkun tolla skapar samningurinn forsendur fyrir auknum viðskiptum milli landanna.

EFTA-ríkin, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, hafa nú gert 28 fríverslunarsamninga við alls 39 ríki, að samningnum við Ekvador meðtöldum.

#### Nánar um fríverslunarsamninginn.

Éfni fríverslunarsamningsins skiptist upp í 12 kafla og 18 viðauka þar sem m.a. er kveðið á um vöruviðskipti, þjónustuviðskipti, rétt til stofnsetningar, verndun hugverkaréttar, opinber innkaup, samkeppni, viðskipti og sjálfbæra þróun, auk hefðbundinna ákvæða um sameiginlega nefnd samningsaðila og lausn deilumála.

Í formálsorðum samningsins er gerð grein fyrir ýmsum forsendum og markmiðum samningsaðila. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

- Lýst er yfir vilja ríkjanna til að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna og Ekvador og skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og fyrir aukna

samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem ríkin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar.

- Áréttuð er skuldbinding ríkjanna um að styðja við lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, meðal annars eins og fram kemur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingu SP.
- Ítrekaður er vilji samningsaðila til að stuðla að heildrænni efnahagsþróun með það að markmiði að draga úr fátækt, skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja öfluga vernd heilsu, öryggis og umhverfis.
- Áréttuð er skuldbinding ríkjanna um að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun og að þau geri sér grein fyrir mikilvægi samræmdrar stefnu á sviði viðskipta, umhverfis- og atvinnumála.
- Staðfestur er vilji samningsaðila um að beita samningi þessum í samræmi við þau markmið að varðveita og vernda umhverfið með traustri umhverfisstjórnun og stuðla með þeim hætti að hagkvæmstu nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun.
- Áréttuð er skuldbinding samningsaðila samkvæmt marghliða samningum um umhverfismál sem ríkin eru aðilar að og byggjast á virðingu fyrir grundvallarviðmiðum og réttindum við vinnu, meðal annars viðmiðum sem sett eru fram í samþykktum Alþjóðavinnuumálastofnunarinnar sem ríkin eiga aðild að.
- Áréttuð er mikilvægi góðra stjórnunarháttá og samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í þágu sjálfbærrar þróunar og sem staðfesta þá ætlun að hvetja fyrirtæki til þess að virða alþjóðlega viðurkenndar leiðbeiningar og meginreglur í því tilliti, eins og hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum.

Í 1.–2. kafla og viðaukum I–VIII er að finna almenn ákvæði og ákvæði um niðurfellingu tolla og önnur ákvæði tengd viðskiptum með vörur. Auk ákvæða um tolla er þar meðal annars að finna ákvæði um upprunareglur, ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, tæknilegar reglur, viðskiptalíprun, ríkisrekin fyrirtæki á sviði verslunar, styrki og jöfnunarráðstafanir, ráðstafanir gegn undirboðum og verndarráðstafanir. Kveðið er á um gagnkvæma niðurfellingu tolla af hvers kyns iðnaðarvörum og sjávarafurðum sem framleiddar eru í ríkjum samningsaðila og fluttar inn til gagnaðila. Í II. viðauka, þar sem fjallað er um niðurfellingu og lækun tolla af landbúnaðarvörum í viðskiptum milli Íslands og Ekvador, kemur fram að tollar munu falla niður af helstu landbúnaðarvörum sem framleiddar eru til útflutnings hér á landi, svo sem lambakjöti, hrossakjöti, vatni og bjór.

Í 3. kafla og viðaukum XI–XIV eru ákvæði um þjónustuviðskipti, þ.m.t. skuldbindingar samningsaðila um markaðsaðgang til handa þjónustuveitendum frá ríkjum gagnaðila, svo og rétt til stofnsetningar fyrirtækja í landi gagnaðila. Í þeim er að mestu byggt á skuldbindingum ríkjanna skv. ákvæðum hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (General Agreement on Trade and Services, GATS) Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Áréttuð er að einstakir samningsaðilar hafi fullt forræði yfir eigin orkuauðlindum og ákvörðunum um hvaða landsvæði verði nýtt fyrir rannsóknir, þróun og nýtingu orkuauðlinda.

Í 5. kafla og viðauka XVI eru ákvæði um vernd hugverkaréttar. Þau byggja á ákvæðum samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS), jafnframt því sem áréttuð er skuldbinding ríkjanna til að gerast aðilar að tilteknum alþjóðasamningum á sviði hugverkaréttar.

Í 6. kafla og viðauka XVII er fjallað um opinber innkaup og gagnkvæman rétt til þátttöku í útboðum yfir tilteknum viðmiðunarfjárhæðum af hálfu opinberra aðila í ríkjunum. Byggt er

á samningi WTO um opinber innkaup sem Ísland er aðili að. Engar breytingar eru á íslenskum reglum hvað þessi mál varðar.

Í 7. kafla er kveðið á um samkeppnismál. Áréttað er að samráð milli fyrirtækja sem leiðir til röskunar á samkeppni svo og misnotkun á markaðsráðandi stöðu sé ósamrýmanlegt markmiðum samningsins. Jafnframt er kveðið á um samvinnu milli ríkjanna á sviði samkeppnismála, m.a. með gagnkvæmum upplýsingaskiptum milli samkeppnisfirvalda ríkjanna.

Í 8. kafla er fjallað um viðskipti og sjálfbæra þróun. Samningsaðilar viðurkenna að efnahagsleg þróun, félagsleg þróun og umhverfisvernd séu sjálfstæðir þættir sem styðja með gagnkvæmum hætti við sjálfbæra þróun. Ríkin árétta skuldbindingar sínar samkvæmt fjölþjóðlegum samningum og grundvallarreglum tengdum umhverfi og vinnumarkaði og ábyrgjast að viðhalda verndarstigi þeirra, jafnframt því sem ítrekað er að ríkin hafi fullan rétt á því að setja eigin umhverfis- og vinnuverndarlöggjöf. Tekið er fram að samningsaðilar árétti skyldur sínar til að virða, efla og framkvæma þær meginreglur um grundvallarréttindi sem er að finna í yfirlýsingu Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og í áréttingu stofnunarinnar sem Alþjóðavinnuáráðsstofnunarinnar samþykkti árið 1998.

Í 10.–12. kafla eru meðal annars ákvæði um framkvæmd samningsins, lausn deilumála, breytingar á samningnum og gildistöku hans. Sett er á stofn sameiginleg nefnd ríkjanna sem ætlað er að fjalla um framkvæmd samningsins, t.d. einstök vandamál í viðskiptum milli ríkjanna. Kveðið er á um lausn ágreiningsmála um túlkun og beitingu samningsins í formi sáttumleitana, eða eftir atvikum með stofnun gerðardóms ef samkomulag næst ekki með öðrum hætti.

#### **Fylgiskjal.**

**Heildarsamningur um efnahagslega samvinnu milli EFTA-ríkjanna og Ekvador.**

**Fylgiskjal**

**HEILDARSAMNINGUR  
UM EFNAHAGSLEGA SAMVINNU  
MILLI  
EFTA-RÍKJANNA  
OG  
LÝÐVELDISINS EKVADORS**

**FORMÁLSORÐ**

Ísland, Furstadæmið Liechtenstein, Konungsríkið Noregur og Svissneska ríkjasambandið (EFTA-ríkin),

og

Lýðveldið Ekvador (Ekvador),

hér á eftir nefnd, hvert og eitt, „samningsaðili“ eða sameiginlega „samningsaðilar“,

**SEM GERA SÉR GREIN FYRIR** þeirri sameiginlegu ósk að efla tengsl milli EFTA-ríkjanna og Ekvadors með því að koma á nánum og varanlegum tengslum,

**SEM VILJA** skapa hagstæð skilyrði fyrir þróun og fjölbreytni í viðskiptum sín á milli og fyrir aukna samvinnu, bæði viðskiptalega og efnahagslega, á sviðum þar sem þeir eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta, á grundvelli jafnréttis, gagnkvæms ávinnings, jafnræðis og þjóðaréttar,

**SEM ERU STADRÁÐNIR** í að stuðla að og styrkja enn frekar marghliða viðskiptakerfi, á grundvelli réttinda og skyldna hvers samningsaðila um sig samkvæmt Marakess-samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar („samningurinn um Alþjóðaviðskiptastofnunina“) og öðrum samningum sem gerðir hafa verið á grundvelli hans og stuðla þar með að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta,

**SEM ÁRÉTTA** þá skuldbindingu sína að styðja við lýðræði, réttarreglur, mannréttindi og mannfrelsi í samræmi við skuldbindingar sínar að þjóðarétti, m.a. eins og fram kemur í sáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindayfirlýsingu SP,

**SEM STEFNA AÐ ÞVÍ** að ýta undir heildræna efnahagsþróun með það að markmiði að draga úr

**COMPREHENSIVE ECONOMIC PARTNER-  
SHIP AGREEMENT  
BETWEEN  
THE EFTA STATES  
AND  
THE REPUBLIC OF ECUADOR**

**PREAMBLE**

Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway and the Swiss Confederation (EFTA States),

and

The Republic of Ecuador (Ecuador),

hereinafter each individually referred to as a “Party” or collectively as the “Parties”,

**RECOGNISING** the common wish to strengthen the links between the EFTA States and Ecuador by establishing close and lasting relations;

**DESIRING** to create favourable conditions for the development and diversification of trade between the Parties and for the promotion of commercial and economic cooperation in areas of common interest on the basis of equality, mutual benefit, non-discrimination and international law;

**DETERMINED** to promote and further strengthen the multilateral trading system, building on their respective rights and obligations under the Marrakesh Agreement establishing the World Trade Organization (WTO Agreement) and the other agreements negotiated thereunder, thereby contributing to the harmonious development and expansion of world trade;

**REAFFIRMING** their commitment to democracy, the rule of law, human rights and fundamental freedoms in accordance with their obligations under international law, including as set out in the United Nations (UN) Charter and the Universal Declaration of Human Rights;

**AIMING** to promote comprehensive economic development with the objective of reducing poverty, to create new employment opportunities, to

fátækt, skapa ný atvinnutækifæri, bæta lífskjör og tryggja öfluga vernd heilsu, öryggis og umhverfis,

**SEM ÁRÉTTA** þá skuldbindingu sína að stefna að markmiðinu um sjálfbæra þróun og sem gera sér grein fyrir mikilvægi samræmdra stefna á sviði viðskipta, umhverfis og atvinnu sem styðja hver aðra með gagnkvæmum hætti í þessu tilliti,

**SEM ERU STADRÁÐNIR** í að beita samningi þessum í samræmi við þau markmið að varðveita og vernda umhverfið með traustri umhverfisstjórnun og að stuðla að hagkvæmstu nýtingu auðlinda heimsins í samræmi við markmiðið um sjálfbæra þróun,

**SEM MINNAST** réttinda sinna og skyldna samkvæmt marghliða samningum um umhverfismál sem þeir eru aðilar að og virðingar sinnar fyrir grundvallarviðmiðum og réttindum við vinnu, m.a. grundvallarviðmiðum sem sett eru fram í viðeigandi samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar sem þeir eiga aðild að,

**SEM GERA SÉR GREIN FYRIR** mikilvægi þess að tryggja fyrirsjáanleika fyrir viðskiptasamfélög samningsaðilanna og tryggja jafnframt vernd almannahagsmuna,

**SEM STAÐFESTA** þá skuldbindingu sína að koma í veg fyrir og berjast gegn spillingu í alþjóðaviðskiptum og fjárfestingum og að halda á lofti meginreglunum um gagnsæi og góða opinbera stjórnunarhætti,

**SEM HAGA Í HUGA** mikilvægi góðra stjórnunarháttá og samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja í þágu sjálfbærrar þróunar og sem staðfesta þá ætlun sína að hvetja fyrirtæki til þess að virða alþjóðlega viðurkenndar leiðbeiningar og meginreglur í því tilliti, eins og hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum,

**SEM ERU ÞESS FULLVISSIR** að samningur þessi muni efla samkeppnishæfni fyrirtækja þeirra á heimsmörkuðum og skapa skilyrði sem hvetja til efnahagslegra tengsla, viðskiptatengsla og tengsla á sviði fjárfestinga milli samningsaðilanna,

**HAGA ÁKVEDIÐ**, í því skyni að fylgja framangreindu eftir, að gera með sér eftirfarandi heildarsamning um efnahagslega samvinnu (samningurinn):

improve living standards, and to ensure high levels of protection of health and safety and of the environment;

**REAFFIRMING** their commitment to pursue the objective of sustainable development and recognising the importance of coherent and mutually supportive trade, environmental and labour policies in this respect;

**DETERMINED** to implement this Agreement in line with the objectives to preserve and protect the environment through sound environmental management and to promote an optimal use of the world's resources in accordance with the objective of sustainable development;

**RECALLING** their rights and obligations under multilateral environmental agreements to which they are a party, and the respect for the fundamental principles and rights at work, including the principles set out in the relevant International Labour Organisation (ILO) Conventions to which they are a party;

**RECOGNISING** the importance of ensuring predictability for the trading communities of the Parties, while ensuring the protection of public interest;

**AFFIRMING** their commitment to prevent and combat corruption in international trade and investment and to promote the principles of transparency and good public governance;

**ACKNOWLEDGING** the importance of good corporate governance and corporate social responsibility for sustainable development, and affirming their aim to encourage enterprises to observe and adhere to internationally recognised guidelines and principles in this respect, such as the UN Global Compact;

**CONVINCED** that this Agreement will enhance the competitiveness of their firms in global markets and create conditions encouraging economic, trade and investment relations between the Parties;

**HAVE AGREED**, in pursuit of the above, to conclude the following Comprehensive Economic Partnership Agreement (Agreement):

**1. KAFLI**  
**ALMENN ÁKVÆÐI**

GR. 1.1

*Markmið.*

1. EFTA-ríkin og Ekvador setja hér með á stofn fríverslunarsvæði í samræmi við ákvæði samnings þessa, sem er byggt á viðskiptatengslum milli markaðshagkerfa og á virðingu fyrir meginreglum lýðræðis og mannréttinda, í því augnamiði að auka hagsæld og örva sjálfbæra þróun.
2. Markmiðin með samningi þessum eru:
  - a) að gera vöruviðskipti frjáls í samræmi við XXIV. gr. hins almenna samnings um tolla og viðskipti frá 1994 (GATT-samningurinn frá 1994),
  - b) að gera þjónustuviðskipti frjáls í samræmi við V. gr. hins almenna samnings um þjónustuviðskipti (GATS-samningurinn),
  - c) að efla með gagnkvæmum hætti fjárfestingartækifæri,
  - d) að koma í veg fyrir, fella niður eða draga úr ónauðsynlegum tæknilegum viðskiptahindrunum og ónauðsynlegum ráðstöfunum á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna,
  - e) að stuðla að aukinni samkeppni í atvinnulífi, einkum að því er varðar efnahagsleg tengsl milli samningsaðilanna,
  - f) að auka enn frekar gagnkvæmt frelsi á mörkuðum samningsaðilanna fyrir opinber innkaup,
  - g) að tryggja fullnægjandi og haldgóða vernd hugverkaréttinda í samræmi við meginreglur og markmið samnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningurinn),
  - h) að þróa alþjóðaviðskipti þannig að stuðlað sé að því að markmið sjálfbærrar þróunar náist og að tryggt sé að það markmið sé felld inn í viðskiptatengsl samningsaðilanna og endurspeglit í þeim,
  - i) að ýta undir samstarf til að stuðla að framkvæmd þessa samnings og bæta ávinning af honum og
  - j) að stuðla að samstilltri þróun og eflingu heimsviðskipta.

GR. 1.2

*Umfang og beiting.*

1. Samningur þessi gildir um eftirfarandi nema kveðið sé á um annað í I. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm samvinna á sviði stjórnsýslu í tollamálum):

**CHAPTER 1**  
**GENERAL PROVISIONS**

ARTICLE 1.1

*Objectives*

1. The EFTA States and Ecuador hereby establish a free trade area in accordance with the provisions of this Agreement, which is based on trade relations between market economies and on the respect for democratic principles and human rights, with a view to spurring prosperity and sustainable development.
2. The objectives of this Agreement are:
  - (a) to liberalise trade in goods, in conformity with Article XXIV of the General Agreement on Tariffs and Trade 1994 (GATT 1994);
  - (b) to liberalise trade in services, in conformity with Article V of the General Agreement on Trade in Services (GATS);
  - (c) to mutually enhance investment opportunities;
  - (d) to prevent, eliminate or reduce unnecessary technical barriers to trade and unnecessary sanitary and phytosanitary measures;
  - (e) to promote competition in their economies, particularly as it relates to the economic relations between the Parties;
  - (f) to achieve further liberalisation on a mutual basis of the government procurement markets of the Parties;
  - (g) to ensure adequate and effective protection of intellectual property rights, in accordance with the principles and objectives of the WTO Agreement on Trade-Related Aspects of Intellectual Property Rights (TRIPS Agreement);
  - (h) to develop international trade in such a way as to contribute to the objective of sustainable development and to ensure that this objective is integrated and reflected in the Parties' trade relations;
  - (i) to foster cooperation in order to contribute to the implementation of this Agreement, and to improve the benefits thereof; and
  - (j) to contribute to the harmonious development and expansion of world trade.

ARTICLE 1.2

*Coverage and Application*

1. This Agreement applies, except as otherwise specified in Annex I (Rules of Origin and Mutual Administrative Cooperation in Customs Matters), to:

- a) yfirráðasvæði á landi, innsævi og í landhelgi samningsaðila og loftrými yfir yfirráðasvæði samningsaðila í samræmi við landslög og reglur þjóðaréttar og
- b) sérefnahagslögsögu og landgrunn samningsaðila, í samræmi við landslög og reglur þjóðaréttar.
2. Samningur þessi gildir ekki á norska yfirráðasvæðinu Svalbarða nema í tilvikum vöruviðskipta.
- (a) the land territory, internal waters and the territorial sea of a Party, and the air-space above the territory of a Party, in accordance with domestic and international law; and
- (b) the exclusive economic zone and the continental shelf of a Party, in accordance with domestic and international law.
2. This Agreement shall not apply to the Norwegian territory of Svalbard, with the exception of trade in goods.

## GR. 1.3

**Viðskipta- og efnahagstengsl sem falla undir samning þennan.**

1. Samningur þessi gildir um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar og Ekvadors hins vegar, en ekki um viðskipta- og efnahagstengsl milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.
2. Í samræmi við tollasamninginn frá 29. mars 1923 milli Sviss og Liechtensteins skal Sviss vera fulltrúi Liechtensteins í málefnum sem falla undir þann samning.

## GR. 1.4

**Tengsl við aðra alþjóðasamninga.**

1. Samningsaðilar staðfesta réttindi sín og skyldur samkvæmt samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina og öðrum samningum á grundvelli hans sem þeir eru aðilar að og samkvæmt öðrum alþjóðasamningum sem þeir eiga aðild að.
2. Telji samningsaðili að viðhald eða stofnun tollabandalags, fríverslunarsvæðis, fyrirkomulags landamæraviðskipta eða annars fríðindasamtíngs af hálfu annars samningsaðila hafi þau áhrif að breyta því viðskiptafyrirkomulagi, sem samningur þessi kveður á um, getur hann farið fram á samráð. Sá samningsaðili sem gerir slíkan samning skal gefa nægilegt svigrúm til samráðs við þann samningsaðila sem fer fram á það.

## GR. 1.5

**Efndir skuldbindinga.**

1. Sérhver samningsaðili skal gera almennar eða sértækar ráðstafanir sem þarf til að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.
2. Sérhver samningsaðili skal tryggja að ríkisstjórn og svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld hvers um sig gegni öllum skyldum sínum og efni allar skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og að það sé gert af hálfu óopinberra stofnana þegar þær fara

## ARTICLE 1.3

**Trade and Economic Relations Governed by this Agreement**

1. This Agreement applies to the trade and economic relations between, on the one side, the individual EFTA States and, on the other side, Ecuador, but not to the trade and economic relations between individual EFTA States, unless otherwise provided in this Agreement.
2. In accordance with the Customs Treaty of 29 March 1923 between Switzerland and Liechtenstein, Switzerland shall represent Liechtenstein in matters covered thereby.

## ARTICLE 1.4

**Relation to Other International Agreements**

1. The Parties confirm their rights and obligations under the WTO Agreement and the other agreements negotiated thereunder to which they are a party, and any other international agreement to which they are a party.
2. If a Party considers that the maintenance or establishment of a customs union, free trade area, arrangement for frontier trade or another preferential agreement by another Party has the effect of altering the trade regime provided for by this Agreement, it may request consultations. The Party concluding such agreement shall afford adequate opportunity for consultations with the requesting Party.

## ARTICLE 1.5

**Fulfilment of Obligations**

1. Each Party shall take any general or specific measures required to fulfil its obligations under this Agreement.
2. Each Party shall ensure the observance of all obligations and commitments under this Agreement by its respective central, regional and local governments and authorities, and by non-governmental bodies in the exercise of

með opinbert vald sem ríkisstjórn og svæðisbundin og staðbundin stjórnvöld og yfirvöld fela þeim.

GR. 1.6

**Gagnsæi.**

1. Samningsaðilarnir skulu birta eða veita almenníngi aðgang með öðrum hætti að lögum sínum, reglugerðum, ákvörðunum dómstóla, stjórn-sýsluúrskurðum sem hafa almennt gildi og alþjóðasamningum hvers um sig sem geta haft áhrif á rekstur samnings þessa.
2. Samningsaðilarnir skulu þegar í stað svara sér-tækum spurningum og veita hver öðrum, að fenginni beiðni, upplýsingar um málefni sem um getur í 1. mgr.
3. Ekkert í þessum samningi leggur samningsaðila þær skyldur á herðar að veita upplýsingar sem eru trúnaðarmál ef slíkt hindraði framkvæmd laga eða væri á annan hátt andstætt almanna-hagsmunum eða ef það skadaði lögmæta við-skiptahagsmuni atvinnurekanda.
4. Sé ósamræmi milli ákvæða þessarar greinar og ákvæða, sem varða gagnsæi í öðrum hlutum samnings þessa, skulu síðarnefndu ákvæðin gilda að því marki sem ósamræmis gætir.

GR. 1.7

**Skattlagning.**

1. Samningur þessi skal ekki takmarka fjárhags-legt fullveldi samningsaðila til að samþykkja ráðstafanir í skattamálum.
2. Þrátt fyrir 1. mgr.:
  - a) gildir gr. 2.8 (Innlend meðferð skatta og reglna innanlands) og þau ákvæði önnur í samningi þessum, sem eru nauðsynleg til að koma þeirri grein til framkvæmda að sama marki og III. gr. GATT-samningsins frá 1994, um ráðstafanir í skattamálum,
  - b) gildir gr. 3.4 (Bestukjaraméðferð) og 3.6 (Innlend meðferð) að því marki sem við á varðandi skattlagningu samkvæmt gr. 3.17 (Undanþágur) um ráðstafanir í skattamálum,
  - c) gildir gr. 4.3 (Innlend meðferð) að því marki sem við á varðandi skattlagningu samkvæmt gr. 4.10 (Almennar undanþágur) um ráðstafanir í skattamálum og
  - d) gildir gr. 6.4 (Innlend meðferð og bann við mis-munun) um ráðstafanir í skattamálum.
3. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á réttindi og skyldur samningsaðila samkvæmt skatta-samningi sem er í gildi milli EFTA-ríkis og Ekvador. Ef samningur þessi stangast á við slíkan skattasamning gengur hinn síðarnefndi fram, að því marki sem ósamræmis gætir.

governmental powers delegated to them by cen-tral, regional and local governments or authori-ties.

ARTICLE 1.6

**Transparency**

1. The Parties shall publish, or otherwise make publicly available, their laws, regulations, judi-cial decisions, administrative rulings of general application as well as their respective interna-tional agreements, that may affect the operation of this Agreement.
2. The Parties shall promptly respond to specific questions and provide, upon request, infor-mation to each other on matters referred to in paragraph 1.
3. Nothing in this Agreement shall require any Party to disclose confidential information, the disclosure of which would impede law enforce-ment, or otherwise be contrary to the public in-terest, or which would prejudice the legitimate commercial interests of any economic operator.
4. In case of any inconsistency between this Arti-cle and provisions relating to transparency in other parts of this Agreement, the latter shall prevail to the extent of the inconsistency.

ARTICLE 1.7

**Taxation**

1. This Agreement shall not restrict a Party's fiscal sovereignty to adopt measures related to taxes.
2. Notwithstanding paragraph 1:
  - (a) Article 2.8 (National Treatment on Internal Taxation and Regulations) and such other pro-visions of this Agreement, as are necessary to give effect to that Article to the same extent as Article III of the GATT 1994, apply to taxation measures;
  - (b) Articles 3.4 (Most-Favoured-Nation Treat-ment) and 3.6 (National Treatment) to the ex-tent relevant for taxation according to Article 3.17 (Exceptions) apply to taxation measures;
  - (c) Article 4.3 (National Treatment) to the extent relevant for taxation according to Article 4.10 (General Exceptions) applies to taxation measures; and
  - (d) Article 6.4 (National Treatment and Non-Dis-crimination) applies to taxation measures.
3. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of a Party under a tax conven-tion applicable between an EFTA State and Ec-uador. In the event of an inconsistency between this Agreement and such tax convention, that convention shall prevail to the extent of the

Lögbær yfirvöld samkvæmt þeim skattasamningi skulu ein bera ábyrgð á því að ákvarða hvort ósamræmi sé fyrir hendi milli þessa samnings og fyrrnefnds skattasamnings. Ef samningsaðili telur að ráðstöfun í skattamálum samkvæmt skattasamningi hafi neikvæð áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna skulu samningsaðilarnir leita samræðs innan sameiginlegu nefndarinnar með það fyrir augum að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um, en geta ekki nýtt sér málsmeðferð við lausn deilumála.

4. Að því er þessa grein varðar skulu ráðstafanir í skattamálum ekki taka til innflutningsgjalda eins og þau eru skilgreind í gr. 2.2 (Innflutningsgjöld) né heldur útflutningsgjalda eins og þau eru skilgreind í gr. 2.3 (Útflutningsgjöld).

## 2. KAFLI VÖRUVIÐSKIPTI

### GR. 2.1

#### *Gildissvið.*

Þessi kafli gildir um vöruviðskipti milli samningsaðilanna.

### GR. 2.2

#### *Innflutningsgjöld.*

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal hver samningsaðili veita tollaívilnanir vegna vara sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila í samræmi við II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi skal samningsaðili ekki hækka innflutningsgjöld eða leggja ný innflutningsgjöld á vörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila og falla undir II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).
3. Ákvæði 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að samningsaðili:
  - a) hækki innflutningsgjöld að því marki sem sett er fram í II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur) í kjölfar einhliða lækkunar eða
  - b) viðhaldi eða hækki innflutningsgjöld líkt og nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn ágreiningsmála hefur heimilað.
4. Ef samningsaðili lækkar álögð innflutningsgjöld sín í bestukjarameðferð eftir gildistöku þessa samnings skulu þau innflutningsgjöld eiga við um viðskipti með vörur sem eru upprunnar hjá öðrum samningsaðila ef þau eru lægri en þau innflutningsgjöld sem reiknuð eru út í samræmi við II.–V. viðauka (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur).

inconsistency. The competent authorities under that tax convention shall have the sole responsibility to determine whether an inconsistency exists between this Agreement and that tax convention. If a Party considers that a taxation measure pursuant to a tax convention adversely affects trade between the Parties, the Parties shall consult in the Joint Committee with a view to finding a mutually satisfactory solution, but shall not have recourse to dispute settlement.

4. For the purposes of this Article, taxation measures shall not include any import duties as defined in Article 2.2 (Import Duties) nor export duties as defined in Article 2.3 (Export Duties).

## CHAPTER 2 TRADE IN GOODS

### ARTICLE 2.1

#### *Scope*

This Chapter applies to trade in goods between the Parties.

### ARTICLE 2.2

#### *Import Duties*

1. Unless otherwise provided for in this Agreement, each Party shall grant tariff concessions on goods originating in another Party in accordance with Annexes II to V (Schedules on Tariff Commitments on Goods).
2. Unless otherwise provided for in this Agreement, a Party shall not increase import duties, or introduce new import duties, on goods originating in another Party covered by Annexes II to V (Schedules on Tariff Commitments on Goods).
3. Paragraph 2 shall not preclude a Party from:
  - (a) raising an import duty to the level established in Annexes II to V (Schedules on Tariff Commitments on Goods) following a unilateral reduction; or
  - (b) maintaining or increasing an import duty as authorised by the Dispute Settlement Body of the WTO.
4. If a Party, after the entry into force of this Agreement, reduces its applied most favoured nation (MFN) import duty, that import duty shall apply to trade in goods originating in another Party if it is lower than the import duty calculated in accordance with Annexes II to V (Schedules on Tariff Commitments on Goods).

5. Efna má til samráðs innan sameiginlegru nefndarinnar um frekari umbætur á tollávilnunum sem settar eru fram í II.–V. viðauka, eftir því sem við á, (Skuldbindingaskrár varðandi tolla á vörur) með tilliti til mynsturs í viðskiptum milli samningsaðilanna og þess hversu viðkvæm varan er.
6. Í þessum samningi merkir „innflutningsgjöld“ hvers kyns tolla, skatta eða gjöld sem lögð eru á í tengslum við innflutning vöru, þó ekki þau sem beitt er í samræmi við:
- III. gr. GATT-samningsins frá 1994,
  - gr. 2.14 (Styrkir og jöfnunarráðstafanir), gr. 2.15 (Ráðstafanir gegn undirboðum), gr. 2.16 (Viðtækar verndarráðstafanir) eða gr. 2.17 (Tvíhliða verndarráðstafanir),
  - VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994.
5. Consultations may be held in the Joint Committee to consider further improvements of the tariff concessions set out in the respective Annexes II to V (Schedules on Tariff Commitments on Goods), taking account of the pattern of trade between the Parties and the sensitivities of the goods.
6. For the purposes of this Agreement, “import duties” means any duties, taxes or charges applied in connection with the importation of goods, except those applied in conformity with:
- Article III of the GATT 1994;
  - Articles 2.14 (Subsidies and Countervailing Measures), 2.15 (Anti-dumping), 2.16 (Global Safeguard Measures) or 2.17 (Bilateral Safeguard Measures);
  - Article VIII of the GATT 1994.

## GR. 2.3

**Útflutningsgjöld.**

Samningsaðili skal hvorki samþykkja né viðhalda tollum, sköttum né gjöldum af neinu tagi öðrum en innlendu gjöldunum sem lögð eru á í samræmi við gr. 2.8 (Innlend meðferð skatta og reglna innanlands) í tengslum við útflutning vara til annars samningsaðila.

## GR. 2.4

**Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu í tollamálum.**

- Upprunareglur og samvinna á sviði stjórnsýslu í tollamálum eru sett fram í I. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm samvinna á sviði stjórnsýslu í tollamálum).
- Að því er þennan samning varðar merkir „upprunavara“ vöru sem uppfyllir skilyrði upprunareglanna sem settar eru fram í I. viðauka (Upprunareglur og gagnkvæm samvinna á sviði stjórnsýslu í tollamálum).

## GR. 2.5

**Tollverðsákvörðun<sup>1</sup>**

Ákvæði VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og I. hluti samningsins um framkvæmd VII. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru þau hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.

## ARTICLE 2.3

**Export Duties**

A Party shall not adopt or maintain any duties, taxes or charges other than internal charges applied in conformity with Article 2.8 (National Treatment on Internal Taxation and Regulations), in connection with the exportation of goods to another Party.

## ARTICLE 2.4

**Rules of Origin and Administrative Cooperation in Customs Matters**

- The rules of origin and administrative cooperation in customs matters are set out in Annex I (Rules of Origin and Mutual Administrative Cooperation in Customs Matters).
- For the purposes of this Agreement, “originating product” is that which qualifies under the rules of origin set out in Annex I (Rules of Origin and Mutual Administrative Cooperation in Customs Matters).

## ARTICLE 2.5

**Customs Valuation<sup>17</sup>**

Article VII of the GATT 1994 and Part I of the Agreement on Implementation of Article VII of the GATT 1994 apply and are hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

<sup>1</sup> Sviss leggur á tolla sem miðast við þyngd og magn fremur en verðtolla.

<sup>17</sup> Switzerland applies customs duties based on weight and quantity rather than *ad valorem* duties.

## GR. 2.6

**Magnatakmarkanir.**

1. Ákvæði XI. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðili, sem hyggst beita ráðstöfun í samræmi við 2. mgr. XI. gr. GATT-samningsins frá 1994, sem kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, skal tilkynna það sameiginlegu nefndinni.
3. Taka má ráðstöfun, sem er beitt í samræmi við þessa grein, til umfjöllunar í sameiginlegu nefndinni með það í huga að milda áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.
4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem settar eru fram í VI. viðauka (Innlend meðferð og magnatakmarkanir).

## GR. 2.7

**Bóknanir og formsatriði.**

Með fyrirvara um 9. gr. (Bóknanir og gjöld) VII. viðauka (Viðskiptalíprun), gildir VIII. gr. GATT-samningsins frá 1994 og er hún hér með felld inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.

## GR. 2.8

**Innlend meðferð skatta og reglna innanlands**

1. Ákvæði III. gr. GATT-samningsins frá 1994 gilda og eru hér með felld inn í samning þennan og verða hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ráðstafanir sem settar eru fram í VI. viðauka (Innlend meðferð og magnatakmarkanir).

## GR. 2.9

**Inngripsverðkerfi Andesfjalla.**

Ekvador er heimilt að viðhalda inngripsverðkerfi Andesfjalla sem komið var á fót 1994 með ákvörðun Andesfjalla-tollabandalagsins nr. 371 með síðari breytingum eða síðari kerfum fyrir landbúnaðarafurðir sem falla undir slíka ákvörðun.

## GR. 2.10

**Útflutningsstyrkir til landbúnaðar.**

1. Samningsaðilar skulu ekki veita útflutningsstyrki, eins og skilgreint er í samningi Alþjóða-viðskiptastofnunarinnar um landbúnað, í viðskiptum með upprunavörur sem njóta tollaívilnunar í samræmi við samning þennan.
2. Samþykki samningsaðili, viðhaldi, veiti eða taki aftur upp útflutningsstyrki vegna afurðar, sem nýtur tollaívilnunar í samræmi við gr. 2.2 (Innflutningsgjöld), er hinum samningsaðil-

## ARTICLE 2.6

**Quantitative Restrictions**

1. Article XI of the GATT 1994 applies and is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.
2. A Party intending to apply a measure in accordance with paragraph 2 of Article XI of the GATT 1994, which may affect trade between the Parties, shall notify the Joint Committee.
3. A measure applied in accordance with this Article may be discussed in the Joint Committee with a view to mitigating the effects on trade between the Parties.
4. Paragraph 1 shall not apply to the measures set out in Annex VI (National Treatment and Quantitative Restrictions).

## ARTICLE 2.7

**Fees and Formalities**

Without prejudice to Article 9 (Fees and Charges) of Annex VII (Trade Facilitation), Article VIII of the GATT 1994 applies and is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.

## ARTICLE 2.8

**National Treatment on Internal Taxation and Regulations**

1. Article III of the GATT 1994 applies and is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.
2. Paragraph 1 shall not apply to the measures set out in Annex VI (National Treatment and Quantitative Restrictions).

## ARTICLE 2.9

**Andean Price Band System**

Ecuador may maintain the Andean Price Band System established in 1994 by Decision 371 of the Andean Community and its modifications, or subsequent systems for agricultural goods covered by such Decision.

## ARTICLE 2.10

**Agricultural Export Subsidies**

1. The Parties shall not apply export subsidies, as defined in the WTO Agreement on Agriculture, to trade in originating goods for which tariff concessions are granted in accordance with this Agreement.
2. If a Party adopts, maintains, introduces or reintroduces export subsidies on a product subject to a tariff concession in accordance with Article 2.2 (Import Duties), the other Parties may

unum heimilt að hækka tolla á innflutning afurðarinnar upp að þeim tolli sem lagður er á í bestukjarameðferð. Samningsaðili sem hækkar toll sinn skal tilkynna hinum samningsaðilunum um það innan 30 daga frá því að tollurinn er lagður á.

## GR. 2.11

**Tæknilegar reglur.**

1. Að því er varðar tæknilegar reglur, staðla og samræmismat gildir samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir og er hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda.
2. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að allar samþykktar tæknilegar reglur verði birtar opinberlega.
3. Á grundvelli beiðni samningsaðila skulu samningsaðilarnir hefja samningaviðræður með það í huga að veita hver öðrum jafngilda meðferð í tengslum við tæknilegar reglur, staðla og samræmismat og hver samningsaðili og aðili, sem stendur utan samningsins, hafa náð gagnkvæmri sátt um.<sup>2</sup>
4. Á grundvelli beiðni samningsaðila, sem telur að annar samningsaðili hafi gert ráðstöfun í tengslum við tæknilegar reglur, staðla eða samræmismatsaðferðir sem er líkleg til að leiða til, eða hefur leitt til, viðskiptahindrunar skal efna til samráðs með það að markmiði að finna lausn sem gagnkvæm sátt er um. Slíkt samráð skal fara fram innan 30 daga frá viðtöku beiðninnar og getur farið fram með hverri þeirri tæknilegu aðferð sem viðkomandi samningsaðilar koma sér saman um. Tilkynna skal sameiginlegu nefndinni um það.
5. Samningsaðilarnir skulu skiptast á nöfnum og heimilisföngum tengiliða til að auðvelda samskipti og upplýsingaskipti varðandi tæknilegar reglur, staðla og samræmismat og framkvæmd þessarar greinar.

increase the duty rate on imports of that product to the applied MFN tariff duty rate. The Party increasing its duty rate shall notify the other Parties within 30 days from the date the duty is applied.

## ARTICLE 2.11

**Technical Regulations**

1. With respect to technical regulations, standards and conformity assessments, the WTO Agreement on Technical Barriers to Trade (TBT Agreement) applies and is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*.
2. The Parties shall ensure that all adopted technical regulations are officially published.
3. Upon request of a Party, the Parties shall initiate negotiations with a view to extend to each other equivalent treatment related to technical regulations, standards and conformity assessments, mutually agreed between each Party and a non-party.<sup>18</sup>
4. Upon request of a Party, which considers that another Party has taken a measure relating to technical regulations, standards or conformity assessments procedures, which is likely to create, or has created, an obstacle to trade, consultations shall be held with the objective of finding a mutually acceptable solution. Such consultations shall take place within 30 days from the receipt of the request and may be conducted by any technical method agreed by the consulting Parties. The Joint Committee shall be informed thereof.
5. The Parties shall exchange names and addresses of contact points in order to facilitate communication and the exchange of information regarding technical regulations, standards and conformity assessments and the implementation of this Article.

<sup>2</sup> Ef einhliða fríðindameðferð, sem veitt er aðila sem stendur utan samningsins, kann að leiða til verri samkeppnisstöðu skulu samningsaðilarnir þegar í stað hefja samráð með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slíka verri samkeppnisstöðu sem tengist tæknilegum reglum, stöðlum og samræmismati.

<sup>18</sup> In case the unilateral preferential treatment granted to a non-Party may create competitive disadvantages, the Parties shall immediately enter into consultations, with the aim to remove these competitive disadvantages related to technical regulations, standards and conformity assessments.

## GR. 2.12

**Ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.**

1. Samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um beitingu ráðstafana um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna gildir, nema kveðið sé á um annað í þessari grein og er hann hér með felldur inn í samning þennan og verður hluti af honum, að breyttu breytanda. Samningsaðilar gera sér grein fyrir og hafa í huga þær ákvarðanir og tilvísunarskjöl sem nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um ráðstafanir á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna hefur samþykkt.
2. Samningsaðilar skulu starfa saman að skilvirkri framkvæmd samningsins um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna og þessarar greinar í þeim tilgangi að greiða fyrir viðskiptum sín í milli.
3. Í samræmi við samninginn um hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skal beiting ráðstafana á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna, er tengjast m.a. eftirliti, skoðun, samþykki eða vottun, byggjast á vísindalegum rökstuðningi.
4. Til þess að greiða fyrir viðskiptum sín í milli skulu samningsaðilar, þegar þeir hafa komið sér saman um það, þróa tvíhliða fyrirkomulag eða samninga, m.a. milli eftirlitsyfirvalda á sviði hollustuhátta og heilbrigðis dýra og plantna.
5. Ef samningsaðili sem er innflutningsaðili hefur ákveðið að láta fara fram áhættumatsferli í samræmi við innlend lög og reglur eða hefur lagt hald á vörusendingu á landamærunum vegna þess að talið er að alvarleg brotalöm sé á því að viðeigandi innflutningskröfum hafi verið fylgt skal innflutningssamningsaðilinn tilkynna útflutningssamningsaðilanum þegar í stað um áhættumatsferlið sem hafið er og láta í té allar viðeigandi upplýsingar.
6. Ef samningsaðili hafnar vöru í komuhöfn vegna alvarlegs máls varðandi hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna skal hann tilkynna lögbæru yfirvaldi útflutningssamningsaðilans um ástæður þess eins fljótt og aðstæður leyfa. Láta skal í té staðreyndir sem liggja að baki og vísindalegan rökstuðning komi fram beiðni um það.
7. Ef samningsaðili heldur vöru eftir á landamærum vegna áhættu, sem talin er vera til staðar, skal hann taka ákvörðun um afgreiðslu eins fljótt og unnt er og leggja allt kapp á að komast hjá því að vörur, sem hætt er við skemmdum, spillist. Samningsaðilinn skal án

## ARTICLE 2.12

**Sanitary and Phytosanitary Measures**

1. Except as otherwise provided for in this Article, the WTO Agreement on the Application of Sanitary and Phytosanitary Measures (SPS Agreement) applies and is hereby incorporated into and made part of this Agreement, *mutatis mutandis*. The Parties acknowledge and bear in mind the decisions and reference documents adopted by the WTO Committee on Sanitary and Phytosanitary Measures.
2. The Parties shall jointly work towards the effective implementation of the SPS Agreement and this Article with the purpose of facilitating trade between them.
